



Skólanefndarfundur 7. desember 2022 kl. 16:00

Fundurinn er haldinn bæði á Tems og í fundarherbergi.

Mætt: Steinunn Inga Óttarsdóttir skólameistari, Dröfn Viðarsdóttir aðstoðarskólameistara, Þórdís Eva Rúnarsdóttir (Teams), Sædís Alexía Sigurmundsdóttir (Teams), Jóhanna M. Þorvaldsdóttir (Teams), Ragnheiður Helgadóttir, Ellert Jón Björnsson, Friðmey Ásgrímsdóttir fulltrúi nemenda, Dröfn Guðmundsdóttir fulltrúi kennara, Sædís Þórhallsdóttir, fulltrúi foreldra.

Dagskrá

- 1. Kynning á nefndarfólki.** Nefndarfólk kynsir sig og ástæður verunnar hér.
- 2. Kynning á skólanum**
Steinunn Inga, skólameistari fer yfir dagskrá fundarins.
SIÓ kynsir brautir skólans, stoðþjónustu, framkvæmdir sem voru í skólanum síðasta skólaár fyrir stoðþjónustuna, félagslíf nemenda, afreksíþróttasvið, heilsuefningu, námskrárvinnu síðasta skólaárs, ferilbók, samfélagsmiðla skólans og fréttabréf.
- 3. Skýrsla um ytra mat 2022**
SIÓ fer yfir framkvæmd og niðurstöður ytra mats sem unnið var í skólanum í haust. Drög skýrslunnar hafa verið send skólameistara og almennt má segja að innihald hennar sé mjög jákvætt fyrir skólann. Upplýsir um innanhúss – rýnihóp sem gefur einkunn fyrir ákveðna þætti skólastarfsins og að úttektaraðilar gefa einkunnir fyrir sömu þætti.
- 4. Stefnumiðuð ríkisáætlun til 2025**
Skólinn stendur ágætlega, þurfum helst að fjölga nemendum. Stefnumiðaða ríkisáætlunin hefur verið samþykkt og fer á vefinn fljótlega.
- 5. Fyrirspurnir og umræður**
SIÓ útskýrir tilurð rýnihóps í ytra mati, við hverja var rætt og hvernig var staðið að vali þeirra. Útskýrir kennslumat sem er hluti af innra mati. Fórum síðast í ytra mat 2017. Gagnlegt að fá utan að komandi álit á skólastarfinu. Unnið mjög faglega af úttektaraðilum. Fólk hvatt til að lesa skýrsluna og jafnvel líka fyrri skýrslur.
- 6. Hlutverk og verkefni nefndarinnar skv. lögum um frhskóla, 5. gr.**
SIÓ fer yfir hlutverk nefndarinnar skv. lögum, hverjir skipa í nefndina, hverjir eru aðalfulltrúar, áheyrnarfulltrúar o.sv.frv.

Óskað eftir útskýringu á mismunandi hlutverki fulltrúaráðs og skólanefndar. Fulltrúaráð er skólanefnd til ráðuneytis um þjónustu skólans á Vesturlandi og tengiliður á milli skólanefndar



og sveitarfélaga sem eiga aðild að skólanum. Fulltrúaráð FVA er skipað 12 fulltrúum og 12 til vara, frá sex sveitarfélögum. Skólanefnd kemur meira að því að marka áherslur og vera skólameistara til ráðgjafar, undir hana eru t.d. bornar gjaldskrá og námskrá skólans.

7. Formannskosning

Skólastjórnendur og áheyrnarfulltrúar víkja af fundi fyrir formannskosningu.

Kallaðar inn aftur 3 mínútum síðar og nefndin upplýsir að Sædís Alexía Sigurmundsdóttir verði formaður nefndarinnar næsta árið.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:56.